



# Fjölmennningarstefna Skútustaðahrepps



## Leiðarljós:

Jafnræði – jákvæðni – traust – virðing eru gildi sveitarfélagsins.

Allir íbúar sveitarfélagsins skulu njóta fjölbreytts mannlífs og menningu þar sem samkennd, jafnrétti, víðsýni og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks. Starfsmenn Skútustaðahrepps skulu ávallt leitast við að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins sömu þjónustu óháð þjóðerni þeirra og uppruna. Stofnanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir ólíkum forsendum fólks og komi til móts við sérstakar þarfir þeirra þannig að þeir geti í hvarvetna verið virkir þátttakendur.

Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs, kyns, uppruna, ætternis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, fötlunar, heilsufars, kynhneigðar eða þjóðernis.

Aðgerðaáætlun skal yfirfarin og endurskoðuð í janúar árlega.



# Þjónusta sveitarfélagsins skal vera öllum aðgengileg

Upplýsingar um samfélagið og þjónustu, réttindi og skyldur séu aðgengilegar fyrir nýja íbúa Skútustaðahrepps. Velferðar- og menningarmálanefnd fer með málefni nýrra íbúa. Í sveitarfélaginu er unnið markvisst að víðsýni og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins. Sveitarfélagið vinni að því að auka þátttöku nýrra íbúa í umræðum og starfi sem tengist stjórnsýslu sveitarfélaganna og almennum kosningum.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Tekinn verður saman listi yfir þær upplýsingar og tengla sem eru nauðsynlegir og geta verið gagnlegir fyrir nýja íbúa. Þær upplýsingar verði þýddar á ensku og settar á heimasíðu. Þar verða einnig upplýsingar fyrir aðflutta, t.d. Ertu að flytja. Heimasíðan verður uppfærð reglulega. Leitast verður við að tryggja að nýir íbúar viti af síðunni, m.a. með því að kynna hana fyrir atvinnurekendum. Á henni verður hlekkur þar sem hægt er að senda inn fyrirspurn.	Sveitarstjóri	Febrúar 2020
Á heimasíðunni verður einnig pdf með helstu upplýsingum fyrir nýja íbúa, t.d. A4 blað sem ætlað er til að prenta út fyrir þá sem það vilja t.d. atvinnurekendum.	Sveitarstjóri	Febrúar 2020

<p>Búið verður til einfalt blað til að hengja upp t.d. í fyrirtækjum.          Þar verður texti sem býður fólk velkomið í sveitarfélagið Skútustaðahrepp, með upplýsingum s.s. síma og heimilisfang, heimasíðuna og opnunartíma skrifstofu. Fólk er boðið velkomið á skrifstofuna og sagt að það sé heitt á könnunni ef það lítur við.</p>	Sveitarstjóri	Febrúar 2020
<p>Stefnt er að því að almenn umsóknareyðublað verði á ensku.</p>	Sveitarstjóri	Febrúar 2020
<p>Hreppsskrifstofa og íþróttahús verða merkt að utan.</p>	Skipulagsfulltrúi	Vor 2020
<p>Á hverju vori er haldinn viðburður til að bjóða nýja íbúa velkomna, t.d. fjölmeningardag eða ferð með leiðsögn um svæðið. Þetta verður unnið í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki, önnur fyrirtæki og félagasamtök .</p>	Velferðar- og menningarmálanefnd	Vor 2020 og á hverju ári
<p>Sveitarfélagið taki ákvörðun um hvernig tryggja skuli aðgengi að vandaðri túlkaþjónustu. Þar er m.a. horft til þess að fyllsta trúnaðar sé gætt, fagmennsku og tryggt að börn séu ekki í túlkahlutverki.          Listi yfir túlka verður útbúinn og fjármagn tryggt fyrir þjónustunni.</p>	Skóla- og félagsmálanefnd	Janúar 2019
<p>Sett verði á stofn fjölmeningaráð. Það mun vera til samráðs og hafa ráðgefandi hlutverk í málefnum nýrra íbúa. Það mun einnig sjá um framkvæmd kynningarferðar. Sjá viðauka 1.</p>	Velferðar- og menningarmálanefnd	Desember 2019
<p>Kjörstjórn auglýsi framkvæmd kosninga á fleiri tungumálum.</p>	Kjörstjórn	Þegar við á
<p>Starfsfólk sveitarfélagsins hafi þekkingu á málefnum íbúa með erlendan uppruna og þjónustu við þá, um siði og venjur ólíkra menningar- og trúarheima, fjölmeningu og alþjóðavæðingu sem og afleiðingar fordóma. Boðið verði upp á fræðslu í menningarläsi/menningarfærni fyrir starfsfólk og íbúa sveitarfélagsins.</p>	Sveitarstjóri	Á hverju ári
<p>Unnið verður að því að kynna þjónustu Félagsþjónustu Norðurlings sem sveitarfélagið hefur þjónustusamning við fyrir íbúum Skútustaðahrepps og auka sýnileika hennar á svæðinu.</p>	Skóla- og félagsmálanefnd	Haust 2019



# Gott mannlíf

Skútustaðahreppur er sveitarfélag þar sem stuðlað er að öflugri félags-, íþrótt- og menningarlífi allra íbúa. Sveitarfélagið skal stuðla að því að öllum íbúum sé kleift að miðla menningu sinni, þekkingu og reynslu til annarra íbúa í sveitarfélaginu t.d. með þátttöku í félagslífi og menningarhátíðum sveitarfélagsins.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Skapaðar verði aðstæður og hvatt til tengslamyndunar nýrra íbúa og þeirra sem fyrir eru, t.d. með íbúafundum og viðburðum, m.a. í samráði við félagasamtök.	Velferðar-og menningarmálanefnd	
Kynna skal nýjum íbúum, m.a. með upplýsingum á heimasíðu, það tómstundastarf sem í boði er í sveitarfélaginu. Leita skal samstarfs við félagasamtök um kynningu á því félagastarfi sem þau reka. Félagasamtök eru hvött til að auglýsa viðburði hjá sér líka á ensku. Félagasamtök verða hvött til að bjóða nýja íbúa í sínar raðir.	Velferðar-og menningarmálanefnd	
Þjónusta íþróttahúss taki í auknum mæli mið af þörfum nýrra íbúa. Tímatafla og þjónusta íþróttahús sé aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og kynnt á fjölbreyttan hátt mánaðarlega.	Forstöðumaður ÍMS	Haust 2019

<p>Þjónusta bókasafns taki í auknum mæli mið af þörfum nýrra íbúa. Athugaðir eru möguleikar á lengri opnunartímum á bókasafninu, setustofu, kaffi, bókaskiptum (book exchange) og bókum á öðrum tungumálum.</p>	<p>Velferðar-og menningarmálanefnd</p>	<p>Janúar 2019</p>
<p>Nýjum íbúum sé við fyrsta tækifæri gerð grein fyrir möguleikum þeirra til að læra íslensku. Sveitarfélagið styður við íslenskukennslu fyrir útlendinga á svæðinu með samstarfi við fræðsluaðila á svæðinu t.d. með því að leggja til húsnæði. Starfsmönnum sveitarfélagsins skal gert kleift að sækja íslenskunámskeið.</p>	<p>Velferðar-og menningarmálanefnd</p>	



## Skólamál

Skólar sveitarfélagsins taka vel á móti nemendum sínum og skólastarfið tekur mið af fjölbreyttum nemendahóp.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<p>Reykjahlíðarskóli og Leikskólinn Ylur skulu í samvinnu móta verkferla og fara eftir þeim við móttöku nýrra nemenda.</p>	<p>Skólastjórar og skólanefnd</p>	<p>Desember 2019</p>

<p>Leik- og grunnskólar skulu leggja mikla áherslu á að kenna erlendum börnum íslensku, en jafnframt hvetja foreldra til að kenna þeim móðurmálið.</p> <p>Líta þarf á komu nemenda af erlendum uppruna sem viðfangsefni alls skólasamfélagsins þar sem allir kennarar og allt starfsfólk eru íslenskukennarar.</p> <p>Skólarnir skapi vettvang í samvinnu við foreldra, til þess að halda utan um móðurmálskennslu.</p>	<p>Skólastjórar og skólanefnd</p>	
<p>Markvisst verði unnið innan skólanna að því að endurskoða starfshætti þannig að þeir henti öllum nemendum, þar með talið nemendum með íslensku sem annað tungumál.</p>	<p>Skólastjórar og skólanefnd</p>	
<p>Lögð verði áhersla á samskipti heimilis og skóla og tryggt að foreldrar fái nauðsynlegar upplýsingar og öðlist skilning á skólastarfinu og námi barna sinna ásamt tómtunda- og íþróttastarfi. Grunn- og leikskólar vinni í sameiningu kynningarefni með því helsta sem varðar skólagöngu barnsins. Hver einstaklingur fái tengilið úr hópi starfsmanna fyrstu 2 árin.</p>	<p>Skólastjórar og skólanefnd</p>	<p>Kynningarefni tilbúið haust 2020</p>
<p>Markviss fjölmenningsfræðsla fari fram í skólunum.</p>	<p>Skólastjórar og skólanefnd</p>	



# Viðauki I

# Um stofnun

# Fjölmenningarráðs



## Hlutverk ráðsins

Fjölmenningarráð Skútustaðahrepps er velferðar- og menningarmálanefnd, sveitarstjórn og öðrum nefndum til ráðgjafar í málefnum innflytjenda. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og móta stefnu og gera tillögur til velferðar- og menningarmálanefndar sem varðar verksvið þess. Fjölmenningarráð aðstoðar velferðar- og menningarmálanefnd við undirbúning fjölmenningarferðar/viðburðar sem haldinn er á hverju vori.

## Starfstími ráðsins

Fjölmenningarráð er skipað til tveggja ára í senn. Fjölmenningarráð er skipað þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara. Ráðið skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

## Fyrirkomulag

Ráðið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir en að minnsta kosti árlega að vori. Ráðið getur haldið fundi opna almenningi, eftir því sem við á. Ráðið fylgir samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Formaður ráðsins sér um að boða nefndina til fundar í samráði við sveitarstjóra og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar.

Sveitarstjóri skal sitja fundi fjölmenningarráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn sveitarfélagsins sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.



## Viðauki 2

# Yfirlit yfir þær upplýsingar sem verða á heimasíðu

- Upplýsingar varðandi flutning í sveitarfélagið, s.s. kennitala, lögheimili, dvalarleyfi, tryggingar, island.is.
- Upplýsingarit á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins um fyrstu skrefin í íslensku samfélagi og á atvinnumarkaði sé aðgengilegt hjá sveitarfélögum á sem flestum tungumálum.
- <http://www.mcc.is/wp-content/uploads/2018/11/EEA-and-EFTA-citizens-IS-EN-2018-ok.pdf>
- <https://www.mcc.is/wp-content/uploads/2018/11/non-EEA-and-EFTA-citizens-IS-EN-2018-ok.pdf>
- Upplýsingar um félags- og skólaþjónustu
- Upplýsingar um skóla og félagsstarf fyrir börn
- Upplýsingar um heilsugæsluna, apótek, 112, sjukra.is, spítala, heilsuvera.is, Rauða kross síminn,
- barnavernd, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónusta.
  
- Upplýsingar um túlkajónusta
  
- Upplýsingar um íþróttahúsið og Mývetning íþrótt- og ungmennafélag, Golfklúbbinn,
- Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar
- Upplýsingar um bókasafnið
- Upplýsingar um félagsstarf aldraða
  
- Umfjöllunum um hvaða leiðir við notum til að auglýsa í sveitinni, t.d. Húsöndin, um síður á
- Facebook sem eru mikið notaðar (Mývatnssveitin, Til sölu og gefins í Mývatnssveit, Facebook síða Mývetnings, Samferða í Mývatnssveit, Facebook síða hreppsins, Lake Myvatns Concert Series, ÍMS
- Viðburðadagatal Mývatnsstofu og Skútustaðahrepps
- Upplýsingar um félög og félagslíf (s.s. Kvenfélagið, Slysavarnafélagið, Björgunarsveitina, Gjallanda, Kiwanis, Fjöregg, AA samtökin, Fótspor til framtíðar)
- Upplýsingar um menningu: Tónlist, kórar, tónlistarskólinn, Gjallandi
- Upplýsingar um kirkjuna á svæðinu og aðra söfnuði s.s. kaþólsku kirkjuna á Akureyri
- Upplýsingar um íslenskunám
  
- Upplýsingar um verkalýðsfélög t.d. Framsýn
- Upplýsingar um Lífeyrissjóði t.d. Stapi
- Upplýsingar um lögregluna og sýslumann
- Upplýsingar um t.d. Aflið samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi
- Upplýsingar um öryggismál, vegagerð, veður og náttúruvá
- Upplýsingar um þjónustu s.s. pósthús og banka, búðina, verkstæðið, Gestastofa Umhverfisstofnunar



# Viðauki 3

## Hugmyndir frá íbúafundi fyrir sveitarfélagið, félagasamtök, saumaklúbba og stofnanir



### Skipulagning viðburða

- Fá nýja íbúa til að starfa með hópnum
- Auglýsa viðburði á t.d. ensku, pólsku
- Skipuleggja svo ekki séu margir viðburðir í einu í sveitinni
- Finna leiðir til að ná til sem flestra þegar er auglýst
- Mikilvægt að segja nýju fólki frá því hve mikið við notum Facebook í skipulagningu og auglýsingum
- Auglýsa á Facebook
- Þýða auglýsingar á ensku
- Nota póstlista
- Huga að ferðamáta fólks, t.d. Samferða í Mývatnssveit

### Hugmyndir að viðburðum:

- Fyrirlestrar
- Spilakvöld
- Tölvuleikjahittingur
- Matarhittingur
- Námskeið (prjónanámskeið, saumanámskeið, matreiðslunámskeið, smíðanámskeið, tölvunámskeið)
- Tónleikar
- Ljósmyndaklúbbur
- Leikhús
- Viðburðir úti
- Skipuleggja einhversskonar mót eða keppni
- Sýna bíómyndir með enskum texta (t.d. íslenskar myndir), t.d. í Skjólbrekku með skjávarpa
- Hlaupaklúbbur
- Gönguhópur
- Leiklistarhópur
- Ratleikur
- Sundhópur
- Gönguferðir
- Partí – ball, dans
- Sumarmarkaður, svipaður og jólamarkaðurinn
- Tungumálahittingur þar sem fólk getur æft sig í að tala íslensku
- Barnameningarhátíð
- Upplýsingar um möguleika til að fara á skíði
- Viðburður eins og Jónsmessa að vetri til.
- Fleiri viðburði- viðburðadagatal

# Viðauki 4

# Vegna móttökuáætlunar í skólunum



- [http://hjalli.hjalli.is/hjalli/vefur\\_mottokuaaetlun\\_born\\_erlenduruppruni.pdf](http://hjalli.hjalli.is/hjalli/vefur_mottokuaaetlun_born_erlenduruppruni.pdf)
- <https://reykjavik.is/mottokuaaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>
- <http://www.hvaleyrarskoli.is/media/stodthjonusta/Mottaka-tvityngdra-nemenda.pdf>
- <https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/04/innflhandbok.pdf>
  
- Ráðgjöf, t.d. hjá Fjölmenningssetri, [www.mcc.is](http://www.mcc.is).
- Í fjölmenningsstefnu Eypings er áhugaverður listi fyrir móttökuviðtal og móttökuáætlun fyrir skóla:
- [https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/12/fjolmenningarstefna\\_eythings\\_2017\\_lokautgafa.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/12/fjolmenningarstefna_eythings_2017_lokautgafa.pdf)
- <https://reykjavik.is/fjolmenning-i-leikskola>

## Hugmyndir frá íbúafundi

- Það getur verið gott fyrir nýja nemendur að fá fyrst að heimsækja skólann utan skólatíma með foreldrum sínum og fá að sjá húsnæðið, s.s. baðherbergi, eldhús, skólastofur og íþróttahús.
- Það getur verið gott fyrir nýjan nemenda af fá annan nemenda sem vin fyrstu mánuðina.
- Það væri gott að fá upplýsingar frá skólanum á t.d. ensku.
- Gott að vita um skóladagatalið, stundaskrá og þau verkefni sem börnin eru að fást við á hverjum degi/viku/mánuði svo að foreldrar geti stutt við námið heima.
- Áður en nýir nemendur koma í skólann er gott að vita t.d. hversu stór skólinn er, hvernig skólaárið er og stundatöflur.
- Það er gott fyrir foreldra leikskólabarna að fá að vita hvað börnin þurfa að hafa með sér og hvenær á að taka það heim aftur. Það væri gott að þýða þessar upplýsingar og gera enn skýrari.
- Upplýsingar um skólakerfið á Íslandi, t.d. um hvað þarf að greiða s.s. leikskólagjöld og matinn og þá hvað mikið. Það er gott fyrir fjölskyldur að vita þetta fyrir fram til þess að geta skipulagt fjármál sín.
- Það er gott að vita um íslenskar hátíðir og siði, t.d. Þorrablót, Öskudagur, Litlu jólin, árshátíð, jól og páska. Einnig væri hægt að vera með viðburði í kringum t.d. páska sem byggði á erlendri hefð, t.d. pólskri.
- Upplýsingar um menningarmun (nesti, mæting í foreldraviðtöl, afmæli/gjafir, íþróttastarf o.fl.).
- Mikilvægt að skapa sem mest tengsl við foreldra barna af erlendum uppruna og vera með viðburði til að tengja nýja nemendur og foreldra þeirra inn í hópinn.
- Íslenskukennsla getur farið fram í litlum hópum, t.d. þrisvar í viku í nokkra mánuði.
- Íslenskukennsla getur farið fram í litlum hópum, t.d. með eldri nemendum í leik í skólahúsnæði og skólalóð.